



# HRUNAMANNAREPPUR

## 63. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 4. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 6. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddviti fram dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 16, umsóknir um lóðir. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

##### **1. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 14. fundar frá 24. febrúar 2025.**

Lögð fram fundargerð 14. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

*Varðandi lið 8, öflun vatns í Skollagróf þá samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að borað verði eftir köldu vatni í landi Skollagrófar og sé niðurstaðan sú sem vonast er eftir samþykkir sveitarstjórn að gengið verði til samninga við ábúendur um nýtingu vatnsins. Með þessari framkvæmd er þá samningur við ábúendur frá 2005 uppfylltur.*

*Varðandi lið 10, umræða um vetrarþjónustu og ástand vegakerfisins í sveitarfélaginu þá tekur sveitarstjórn undir sjónarmið nefndarinnar um snjómokstur og hálfuvarnir í sveitarfélaginu. Einnig samþykkir sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Vegagerðina að framkvæmd verði umferðartalning á Skeiða- og Hrunamannavegi ofan við Flúðir og að jafnframt verði umferð talin á Hrunaveginum en þar hafa komið fram óskir frá íbúum um úrbætur og slitlag.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

##### **2. Starfshópur um 930 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 1. fundar frá 25.2.25.**

Lögð fram fundargerð 1. fundar Starfshóps um 930 ára afmæli Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið hópsins varðandi aldur Hrunamannahrepps en Hrunamannahreppur er líklega eina sveitarfélag landsins sem aldrei hefur sameinast öðrum hreppi, er skýrt landfræðilega afmarkaður og er getið í mörgum heimildum um landnám Íslands. Því má teljast afar líklegt að tillaga nefndarinnar um að halda frekar upp á 1200 ára afmæli landnáms og upphafs Hrunamannahrepps árið 2026 sé rétt, frekar en að miða við tíundarlögin sem sett voru 1096 sem gerðu lítið annað en að heimila skattheimtu í þáverandi hreppum.*

DGS

AGJ  
APJ  
BSV

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með hugmyndaregn hópsins og telur einsýnt að hátíðahöld vegna afmælisins verði ánægjuleg.

Vegna umfangs verkefnisins samþykkir sveitarstjórn samhljóða að starfshópurinn verði að afmælisnefnd og er sveitarstjóra falið að útbúa erindisbréf fyrir nefndina sem lagt yrði fyrir sveitarstjórn þar sem starf nefndarinnar yrði rammað inn.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**3. Fundargerð 297. fundar skipulagsnefndar frá 26. febrúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar sl.**

Lögð fram fundargerð 297. fundar skipulagsnefndar frá 26. febrúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 18. Iðjulslóð að Flúðum: Iðnaðar- og athafnasvæði AT2; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til iðnaðar- og athafnasvæðis AT2 innan þéttbýlisins á Flúðum. Breytingin felur í sér breyttar lóðarstærðir, fyrirkomulag bílastæða, fækkun lóða og stækkun beygjuradíusa í götum v/langra ökutækja með tengivagn. Stærð heildarsvæðisins helst óbreytt.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um uppfærslu gagna, þar sem gert verði ráð fyrir sameiningu lóða Iðjulslóðar 12 og Vallarslóðar 7 í eina lóð. Að mati sveitarstjórnar telst framlögð deiliskipulagsbreyting til óverulegrar breytingar á deiliskipulagi og skal hún fá málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna breytingarinnar. Mælist sveitarstjórn til þess að tillagan taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda með fyrrgreindum fyrirvara og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu.

**Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar sl.

**4. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 17. febrúar 2025.**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**5. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 13. febrúar 2025.**

Lögð fram fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

DGS KA SV AET

6. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 20. febrúar 2025.**  
Lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 331. fundar stjórnar frá 25. febrúar 2025.**  
Lögð fram fundargerð 331. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

8. **Umsögn Hrunamannahrepps um frumvarp til laga um breytingar á lögum um jöfnunarsjóð. (Frekari gögn berast fyrir fund.)**

Lögð fram umsögn Hrunamannahrepps um frumvarp til laga um breytingar á lögum um jöfnunarsjóð.

*Sveitarstjórn samþykkir umsögnina samhljóða og ítrekar jafnframt þau sjónarmið sem þar koma fram. Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að samþykkt verði lög á Alþingi sem ganga jafn harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins og vinni gegn fjárhagslegri sjálfbærni þess og þetta frumvarp mun gera verði það að lögum.*

*Mikilvægt er að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé skýr og sanngjörn og að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu í takt við þjóðfélagsþróun og þær ríku og sívaxandi kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga um þjónustu, ekki síst á sviði velferðarmála.*

*Mikilvægt er að sem breiðust sátt náist um meginatriði frumvarpsins. Slík sátt mun ekki nást ef frumvarpið er unnið í of miklum flýti. Ítarlegri vinna er því mikilvæg forsenda þess að Alþingi geti afgreitt málið án ágreinings. Sveitarstjórn treystir því að alþingismenn muni horfa til þess að möguleikar á tekjuöflun sveitarfélaga eru mismunandi og því gegnir Jöfnunarsjóður afar mikilvægu hlutverki til að tryggja íbúum landsins sem jafnasta þjónustu.*

9. **Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum í Hrunamannahreppi.**

Lögð fram drög að reglum um styrki til nema í leikskólakennarafræðum í Hrunamannahreppi.

*Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða með þeirri breytingu að reglurnar gildi um allt nám í leikskólakennarafræðum og þar með verði nám við leikskólaláru Borgarholtsskóla eða sambærilegt einnig styrkhæft.*

*Markmið styrkjanna er að fjölga kennurum með leyfisbréf og sérhæfingu á leikskólastigi og leikskólaliðum í Leikskólanum Undralandi. Með hækkuðu hlutfalli fagmenntaðs starfsfólks mun faglegt starf eflast og aukinn stöðugleiki ætti að verða í starfsmannahaldi leikskólans. Reglurnar verði kynntar skólanefnd sem og starfsfólki leikskólans.*

10. **Samningur um sölu á umframvarma úr jarðhitavatni frá Kópvatnsholu KV-02.**

Lögð fram drög að samningi um sölu á umframvarma úr jarðhitavatni frá Kópvatnsholu KV-02.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða en felur jafnframt lögmanni að yfirfara hann fyrir undirritun. Sveitar- og veitustjóra er veitt fullnaðarheimild til að ganga frá samningnum og undirrita hann enda verða engar efnislegar breytingar gerðar á honum frá því sem nú er.*

*DLS HS JTB  
APJ RV*

**11. Bréf frá Lánasjóð sveitarfélaga ohf., ódagsett.**

Lagt fram bréf frá Lánasjóð sveitarfélaga ohf. þar sem boðað er til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

*Erindið er lagt fram til kynningar en samkvæmt samþykktum Lánasjóðsins fer sveitarstjóri með umboð sveitarfélagsins á fundinum.*

**12. Bréf frá framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands , ódagsett.**

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands en haldnir verða í tíunda sinn sjónvarpstónleikarnir Klassíkin okkar í samstarfi við Rúv. Leitast Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir samstarfi við sveitarstjórnir um land allt um verkefni sem þeir kalla Sinfó í sundi og hugmynd þeirra er sú að boðið verði upp á beina útsendingu frá tónleikunum í sundlaugum og þaðstöðum um allt land þann 29. ágúst n.k. kl. 20:00.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til forstöðumanns íþróttamannvirkja með það fyrir augum að sundlaugin verði opin lengur þennan dag og að séð verði til þess að sundlaugargestir geti notið útsendingarinnar með sem bestum hætti.*

**13. Bréf frá félagi 60plús Laugarvatni frá 2. mars 2025.**

Lagt fram bréf frá félagi 60plús Laugarvatni þar sem skorað er á sveitarstjórnir, ráðherra og alþingismenn að vinna að því að húsnæði Háskólans á Laugarvatni verði gert að dvalarheimili fyrir eldri borgara.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Bréf frá Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttasambandi Íslands frá 18. febrúar 2025.**

Lagt fram bréf frá Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttasambandi Íslands ásamt meðfylgjandi gögnum þar sem sótt er um leyfi fyrir keppnishaldi í Enduro fyrir bifhjól á skilgreindum svæðum innan jarðanna Jaðars, Sólheima og Syðra Langholts fyrir næstu 5 ár.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við erindinu og heimilar fyrir sitt leyti keppnishald í Enduro fyrir bifhjól á skilgreindum svæðum innan jarðanna Jaðars, Sólheima og Syðra Langholts til ársins 2030.*

**15. Bréf frá landeigendum og ábúendum jarða sem liggja að Skáldabúðum frá 2.3.2025.**

Lagt fram bréf frá landeigendum og ábúendum jarða sem liggja að Skáldabúðum þar sem sveitarstjórn er þakkað fyrir athugasemdir Hrunamannahrepps við Hrutmúlavirkjun sem settar voru fram í Samráðsgátt stjórnvalda vegna draga að flokkun verkefnastjórnar Rammaáætlunar á tíu vindorkukostum.

*Lagt fram til kynningar.*

**16. Umsóknir um lóðir**

Fyrir fundinum liggur ein umsókn um lóðina Röðulstanga 18.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Elísabetu Finnbjörnsdóttur, kt. 080299-2739, lóðinni Röðulstanga 18 enda uppfylli hún skilyrði lóðaúthlutunar í Hrunamannahreppi.*

**17. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

*Samþykkt er að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 27. mars 2025, kl. 14:00.*

DGS AA HES BV

**Mál til kynningar:**

18. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 965. fundar stjórnar frá 18.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

19. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 966. fundar stjórnar frá 19.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

20. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 967. fundar stjórnar frá 20.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

21. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 968. fundar stjórnar frá 21.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

22. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 969. fundar stjórnar frá 24.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

23. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 970. fundar stjórnar frá 25.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:11*

*Bjarney Vignisdóttir*



*Alexandra Ros Jóhannsd.*

*Aldi Flakkerud*



*Dati Arin Samúelsson*